

## Opið hús

Eins og fyrr verður opið hús, annan laugardag í hverjum mánuði og næst

**14. mars 2009 kl. 10 til 12 að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði.**

Þema opna húsin verður að þessu sinni skurðverk sem félagsmenn hafa keypt erlendis. Halldór Vilhelmsson mun leiða þessa umfjöllun en félagsmenn eru hvattir til að koma með skurðverk sem falla undir þetta þema.

Síðasta opna húsið verður þann **9. maí** n.k. Aprílfundurinn fellur niður þar sem laugardagur lendir inni í páskum.



Félagsmenn, ef áhugi er á einhverju efni eða þáttum sem þið viljið að teknir séu fyrir á þessum opnu húsum – þá látið þið stjórnarmenn endilega vita. Stjórn fékk ábendingu um brýningu verkfæra og rætt hefur verið við Guðmund Stefánsson, sem getið hefur sér gott orð sem brýningarmaður. Ekki voru tök á að fá hann núna í mars en hann verður annað hvort í maí eða byrjun næsta hausts. Ábendingin kom frá Friðgeiri Guðmundssyni og kunnum við honum bestu þakkir fyrir.

## Félagar, mætum og tökum með okkur gesti

### Heimasíðan

Heimasíðan okkar [listalind.is/treskurdur](http://listalind.is/treskurdur) er upplýsingasíða og reynt er að bæta við myndum, fróðleik og fréttum eftir því sem tök er á. T.d. er síðasta *Brýnið* komið þar inn, og myndir frá síðasta opna húsi. Búið er að setja inn teikningar sem félagsmenn geta skoðað og sótt. Félagsmenn eru hvattir til að senda inn fréttir og myndir af skurðverkum.

## Teikning af heimasíðunni.



### Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Pósthólf nr. 6 270 Mosfellsbæ

Netfang: [silo@mmedia.is](mailto:silo@mmedia.is)

Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdur>

Ritstjórn er stjórn félagsins

Ábm. Björn Bergsson

# Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð  
3. töl. 14. árgangur 2009



### Frá formanni

Tíminn líður hratt og þegar eru farin að sjást merki um vorkomu í sprotum vorlaukana sem reyna að dusta af sér snjóinn.

Opið hús marsmánaðar er framundan og nú skal beina sjónum að erlendum tréskurði. Þó við séum “eyland” þá hefur erlendu tréskurður meðvitað og ómeðvitað áhrif á okkur og okkar skurðhefð.

En íslenskur tréskurður á sér líf og þróun og það erum við sem sjáum um viðhald þeirrar hefðar.

Opna húsið í febrúar fjallaði um skurð í rennda hluti og var mæting félagsmanna með allra besta móti, enda efnið áhugavert. Eins og fjallað er um hér í *Brýninu* þá var fræðslan í góðum höndum Bjarna Þórs Kristjánssonar. Set hér mynd af platta sem fellur undir að vera renndur og síðan skorið í. Myndin er fengin af netinu og ættuð frá Noregi.

Heimasíða félagsins er í stöðugri vinnslu og í raun er enginn endapunktur á þeirri vinnu. Fréttir og umfjöllunarefni á vefsíðunni á að endurspeglar óskir okkar því félagið er eins og þjónustustofnun fyrir áhugafólk um tréskurð. *Brýnið* sér um upplýsingar og fróðleik á pappír og opna húsið uppfyllir þarfir um félagslegt samneyti, spjall og áþreifanlegan fróðleik. Ef vel tekst til á þetta samspil að uppfylla væntingar, vonir og þrár – en betur má ef duga skal. Alltaf er hægt að gera betur og það eruð þið, félagsmenn góðir, sem þurfið að koma á framfæri hvers þið óskið.

Með bestu kveðjum, Sigurjón formaður



Margir félagsmenn hafa gefið upp netföng og GSM símanúmer og þannig er hægt að koma skilaboðum á framfæri. Ef þú færð ekki tölvupóst eða SMS skilaboð frá félaginu sendu okkur þá boð um að komast á listann. [silo@mmedia.is](mailto:silo@mmedia.is) 8995716

## Á opnu húsi 14. febrúar



Félagsmenn fjölmenntu á opið hús í febrúar. Félagi okkar Bjarni Þór Kristjánsson



fjallaði um tréskurð í renndan við.

Möguleikar eru fjölmargir og í raun gilda sömu þættir og við annan tréskurð. Fjallað var um djúpan skurð og t.d. þegar skorð eða sagað er í gegnum viðinn. Bjarni Þór fjallaði einnig um hentug verkfæri og þá sérstaklega við þær aðstæður þegar tréskerinn þarf að halda á skurðverkinu og skera um leið.

Þá fjallaði hann um mismunandi lögun bitflatar skurðáhalda og einnig um brýningu.



Eins og sést á myndunum sem hér fylgja þá voru félagsmenn mjög áhugasamir og spurðu margs.


## Akantus

Akantusmynstrið er stílfært blaðmynstur akantus-þyrnirunnans sem unnið er mest með djúpskurði. Elstu minjar um það eru frá döögum Forn-Grikkja á 5. öld f. Kr. Í aldanna rás hefur akantusmynstrið tekið breytingum og þróast vegna áhrifa frá öðru mynstri og ýmsum tískusveiflum, ekki síst þegar það barst til annarra landa.

Elstu dæmin um akantusmynstur er einkum að finna á legsteinum og smyrslkerum sem lögð voru með í grafir fyrirfólks. Líklega má tengja uppruna mynstursins við þjóðtrú sem t.d. gætti á Indlandi og birtist í því að þyrnar voru lagðir á grafir til að koma í veg fyrir að hinir dauðu gengju aftur. Þjóðsaga frá Forn-Grikkjum, sem hér er endursögð, kann að endurspegla hugmyndir manna um upprunann.

*Gömul kona frá Korintu lagði körfu með ýmsum hlutum við gröf ungrar stúlku. Körfunu hafði hún sett ofan á akantusrót. Vorið eftir óx jurtin og vafði blöðum sínum um körfunu. Listamaður að nafni Kallimachos tók eftir þessu og hreifst af fegurð blaðanna og hvernig þau umvöfðu körfunu. Hann nýtti sér síðan þetta form við mótun súlna fyrir konung.*

Gríska akantusmynstrið náði miklum vinsældum víða um heim. Þar áttu Rómverjar einkum hlut að máli og breyttu þeir mynstrinu nokkuð eftir eigin höfði. M.a. gerðu þeir akantusjurtina blaðmeiri og létu stöngulinn nánast hverfa. Þegar fram liðu stundir varð rómverska akantusmynstrið mjög stílfært og minnti lítið á náttúruleg laufblöð.



Akantusmynstrið hefur trúlega borist með kristninni til Norðurlanda og er talið að þess hafi gætt hvað mest um aldamótin 1700. Skurðmeistarar á Norðurlöndum aðhylltust fremur rómverska afbrigðið en það gríska og skýrist það líklega af tengingu við kristna trú. Á Íslandi virðast akantusskreytingar hafa verið mjög ríkjandi í tréskurði (ásamt höfðaletri), allt frá fyrstu öldum kristni og út 19. öldina. Reyndar njóta þær vinsælda enn í dag. Að vísu hafa fá skurðverk frá miðöldum varðveist til vitnis um þetta – á Þjóðminjasafni eru þau langflest frá 17.-19. öld. Skurðverkið sem hér er sýnt er skorið og ljósmyndað af Olav Kvåle. (Fengið á netinu)

